



Brunavarnir Dala, Reykhóla og Stranda bs.

Fundargerð

Fundur í stjórn Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda bs., haldinn í Búðardal fimmtudaginn 02.03.2023 kl. 10:00.

Á fundinn voru mætt Ingbjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri Reykhólahrepps, Þorgeir Pálsson sveitarstjóri Strandabyggðar, Björn Bjarki Þorsteinsson sveitarstjóri Dalabyggðar og Ívar Örn Þórðarson slökkviliðsstjóri.

Dagskrá:

- 1. Erindi frá Kaldraneshreppi**
Rætt um stöðu mála og hvort vilji sé til að Kaldraneshreppur og Árneshreppur komi að með beinum hætti samstarfi byggðasamlagsins á vegum Dala, Reykhóla og Stranda. Samþykkt að fela formanni að boða fulltrúa Kaldraneshrepps og Árneshrepps til fundar um málefnið.
- 2. Erindi frá Húnaþingi vestra**
Lagt fram erindi frá Húnaþingi vestra um endurnýjun á samstarfssamningi slökkviliða um gagnkvæma aðstoð. Stjórn samþykkir að endurnýja samninginn og felur formanni að undirrita hann f.h. Brunavarna Dala, Reykhóla og Stranda bs.
- 3. Tilkynning til fyrirtækjaskrár**
Formanni stjórnar falið að senda tilkynningu til Fyrirtækjaskrár um nýja stjórn og prókúruhafa. Einnig verði hugað að því að ásamt formanni stjórnar hafi fjármálastjóri Dalabyggðar prókúru vegna t.a.m. bankasamskipta.
- 4. Starfsmannamál**
Farið yfir stöðu mála varðandi uppbyggingu liðsheildar og liðsanda í slökkviliðinu, bæði sem heild og innan einstakra liða innan byggðasamlagsins. Málin hafa verið rædd á fundum með slökkviliðsstjóra 2. nóvember 2022 og 7. desember 2022 og hafa málin lítið þróast hvað uppbyggingu liðsheildar varðar frá þeim fundum. Stjórn upplýsti slökkviliðsstjóra um næstu skref í þessum efnum.
- 5. Önnur mál**
Rætt um aðgerðir og mögulegar æfingar varðandi mengunarslys í höfnum. Samþykkt að skoða það mál á næstunni.
Þorgeir sagði frá því að hann ásamt aðalbókara Dalabyggðar eru að vinna að gerð ársreiknings fyrir árið 2022 og stýttist í að hann liggi fyrir til samþykktar.

Ekki fleira tekið fyrir, fundi slitið kl. 10:55
BP ritaði fundargerð

Ingbjörg B. Erlingsdóttir
Þorgeir Pálsson

Björn Bjarki Þorsteinsson
Ívar Örn Þórðarson